

Kirkjuþing unga fólksins 2017.

2. mál –þskj. 2.

TILLAGA

til þingsályktunar um samræmt námskeið fyrir starfsfólk í æskulýðsstarfi Kirkjunnar
(Lagt fyrir kirkjuþing unga fólksins 2017)

Flm. Daníel Ágúst Gautason

Frsm. Blær Elíasson

Kirkjuþing unga fólksins 2017 ályktar að fært verði í starfsreglur kirkjunnar að allt starfsfólk skuli sitja samræmt námskeið um starfshætti æskulýðsleiðtoga og siðareglur Kirkjunnar. Fræðslusvið skuli annast námsskrá og í samvinnu við fræðslufulltrúa skipuleggja reglubundið námskeiðshald. Fulltrúar Biskups og prófaste skulu fylgja eftir að fræðsluskyldu og námskeiðssetu sé sinnt.

Greinargerð

Námsefnið „*Grunnnámskeið fyrir leiðtoga í barna- og unglíngastarfi kirkjunnar*“ er komið til ára sinna og þarfnast endurnýjunar. Þess í stað er lagt til að mótað verði straumlínulagað námskeið sem ætlað er öllum sem hefja störf á æskulýðsvettvangi Kirkjunnar. Námskeiði sem þessu er ekki ætlað að koma í staðinn fyrir aðra leiðtogamenntun heldur tryggja góða þekkingu á starfs- og siðareglum Kirkjunnar, miðla hagnýtri þekkingu og samræma vinnulag.

Nefndarálit:

Lagt er til að grunnnámskeiði fyrir leiðtoga í barna og unglínga starfi kirkjunnar sé breytt í eins skonar skóla þar sem námsefni fyrir öll prófastdæmin sé það sama og hægt væri að fá þetta námið viðurkennt af menntamálaráðuneyti og metið til einginga á framhaldsskóastigi. Skólinn yrði u.þ.b. 48 tímar sem myndi breiðast yfir einn vetur. Markmiðið yrði að auka þekkingu á siðar og starfsreglum kirkjunnar og félags- og sálfræði þekkingu innan æskulýðsstarfa. Leiðtogaskólinn er fyrir eldri leiðtoga sem hafa þá til dæmis lokið farskólanum fyrir 8-10 bekk.